


A sepia-toned photograph of a man in profile, wearing a suit and tie, playing a piano. He is positioned on the left side of the frame, with his hands on the keyboard. The piano is on the right. In the background, a window with sheer curtains is visible, through which a bright, hazy outdoor scene with hills can be seen. The overall mood is quiet and contemplative.

*Kaldalón  
og Kaldalóns*

# *Fyrsta læknisembætti Kaldalóns*

Þann 29. september 1909 kom Sigvaldi Stefánsson læknir til Reykjavíkur frá Danmörku með unga brúði sína, Karen Margrethe Mengel-Thomsen. Þau höfðu verið gefin saman í hjónaband þann 16. september og lagt af stað til Íslands viku síðar. Sigvaldi og Karen Margrethe höfðu kynnst á fæðingardeild Ríkisspítalans í Höfn, þar sem hún vann sem hjúkrunarkona. Sigvaldi hafði ekki að neinni fastri stöðu að hverfa er þau komu til landsins, en fljótlega bauðst honum að taka við læknisembætti á Hólmavík í fjarveru Magnúsar Péturssonar, héraðslæknis, er ætlaði að vera erlendis næsta vetur.

Þau lögðu af stað til Hólmavíkur þann 16. nóvember. Þar eignuðust þau fyrsta barn sitt, Snæbjörn Stefáns, er fæddist þann 21. febrúar 1910. Læknisbústaðurinn var á Kópnesbraut 7, húsi sem var byggt árið 1903 af Guðmundi Scheving Bjarnasyni. Sjúkraskýli var byggt við húsið árið 1911 þar sem nú er hús Kvenfélagsins. Það var ári eftir að Sigvaldi og fjölskylda hans fóru frá Hólmavík, en um veturinn 1910 fékk Sigvaldi veitingu fyrir Nauteyrarhéraði og fluttust þau að Ármúla um vorið.



# „...kynngihríð af Drangajökli stendur“

Í Kaldalóni er mikil náttúruvegurð. Eini bærin í Kaldalóni var lengi Lónseyri. Þar var til forna skóglendi er var rífið til eldsneytis. Beggja megin Kaldalóns var meiri skógur eftir því sem utar dró og var þar kallað „í skóginum“. Frá ystu leirum að skriðjökli eru um fjórir kílómetrar. Allmikill jökulgarður nær þvert yfir dalinn, en jökuláin Mórilla hefur grafið farveg í gegnum hann. Þar ofan við eru leirur með takmörkuðum gróðri. Sigvaldi Stefánsson tók upp nafnið Kaldalóns meðan hann var læknir á Ármúla, en um það leyti var samþykkt frumvarp um ættarnöfn og tóku margir sér nafn frá heimahögum. Sigvaldi komst eitt sinn svo að orði að Kaldalóni mætti líkja annað hvort við himnaríki eða helvíti, því þegar veður stæði af jöklinum væri þar ekki notalegt að vera. Lárus Þórðarson var kennari í Nauteyrarhreppi í tíð Sigvalda og orti kvæði um Kaldalón sem Sigvaldi samdi sönglag við. Eitt erindi úr kvæðinu hljómar svo:

*Hrímpurs kolblár nálgast freðið frón,  
fer hann geyst og bitur skjaldarrendur,  
þá er nyrztu byggðum búið tjón,  
berjist hann við kaldar Íslands-strendur.  
Svanir flýja, kólnar Kaldalón,  
kynngihríð af Drangajökli stendur.*

**Við Kaldalón.**  
(Lárus Þórðarson)

Con espressione.

1. Þeg - ar dauð - inu lok - ar lífa - la  
2. Hrímpurs kol - blár nálg - ast fróð - is  
3. Hátt við loft - sig hefj - a syst - ur  
4. Star - a þve - á haf og him - in - guim,  
5. Hveit - ar stand - ast hel - ar tim - ans tóna? Tröubla

auðn - in þego - ar - uð á tung - u. Þryg - ar datt - i sál - um Halj - ar  
geyst og bit - ur skjald - ar - rend - ur. Þá er nyrst - - - u bygg - um há - is  
hrjót - in líki og sæg - i vind - i. Þeg - ar um þve belt - um bla - um  
næt - ur leit - ur - væng - i þand - a; bend - u þve til landna - laud - a  
grún - ar sál - ur - há - is í hjart - a. Þó að breyt - - - i lí - um lest og

þá svo er lík - a upp við Hjóð - a - lung - u. Þar sem þel - - in hem - ast gretti og  
þón, þerj - ist hann við kald - ar Íslands - strand - ur. Svan - ir flý - - a, kóln - ar Kald - a -  
slær, þron - ir sál - in, myk - ir vetr - ar lynd - i. En er Norðr - - i fangstað á þeim  
heim, hafn - ar yf - ir lífa - ins mein og vand - a. Hík - ir trygg og sátt hjá systur  
hrótt, lát - a þve hin sál - u kláð - in skart - a. Eng - inn sveinn er hróð - lat fjall og

Heimildir: Bókin um Sigvalda Kaldalóns eftir Gunnar M. Magnúss og Vestfirðir eftir Hjálmar R. Bárðarson.  
Ljósmyndir: Simson, Ísafirði o.fl.



# Svaðilfarir yfir Drangajökul

Vorið 1915 leitaði ungur maður til læknisins á Ármúla. Hann hét Pétur Friðriksson og var frá Drangavík. Hann kom gangandi tíu tíma yfir jökul með þrálátan verk í maga. Sigvaldi læknir sagði hann hafa meltingartruflanir og gaf honum lyf sem virðast hafa dugað. Pétur ákvað að setjast að í Hraundal sem gengur suðaustur af Skjaldfannardal og flutti búslóð sína yfir jökulinn. Sjö árum síðar var hann tilneyddur að flytja aftur yfir jökul, þá kominn með konu, Sigríði E. Jónsdóttur, hafði átt með henni þrjú börn, en misst eitt þeirra og var Sigríður gengin sjö mánuði með fjórða barnið. Þau urðu að leggja af stað á fardögum. Þrjár hestar með sleða fluttu búslóðina sem ekki var stór. Pétur átti nokkrar kindur, hænsni, hund og kött. Ferðin þótti hæpin og farin af lítilli forsjálni, en um annað var ekki að ræða. Eiríkur Guðmundsson á Dröngum fylgdi þeim. Búið var upp á hestana, því ekki var hægt að nota sleðana fyrr en komið var að jökli. Þegar þau voru skammt komin inn á jökul tók að þykka í veðri. Eiríkur vildi snúa við, en Pétur vildi fyrir alla muni halda áfram. Í Hraundal hafði hann misst bústofn sinn í ofsaveðri og auk þess borið til grafar eitt barna sinna og hafði að engu að hverfa. Það var þó ekki hjá því komist að snúa við og fjölskyldan þurfti að bíða af sér veðrið í tómu húsi í Hraundal í tvær vikur áður en loks varð ferðafært aftur, en Þórður Halldórsson á Laugalandi hjálpaði þeim um brýnustu nauðsynjar á meðan. Sigríður sagði síðar að aldrei hefði hún lifað ömurlegri daga en þennan hálfu mánuð sem þau urðu að bíða í Hraundal eftir ferðaveðri. En öll él birtir upp um síðir og lagt var upp á ný. Í þetta sinn gekk betur, en þau voru ekki komin langt þegar nýr vandi kom upp. Ærnar fóru að bera, enda komnar að burði og ferðin erfið. Ekki var um annað að ræða en að setja ærnar á sleðann með lömbunum og Sigríður varð að ganga þó hún ætti erfitt með það. Ferðin tók átján klukkustundir að Dröngum. Fullvíst má telja að aldrei hafi kona komin sjö mánuði á leið farið yfir jökul fótgangandi og að auki með tvö ung börn. Pétur sagði síðar að hann teldi fullvíst að Eiríkur hafi bjargað lífi þeirra með því að fá þau til að snúa við í fyrra sinnið.

Heimild: Matthías Pétursson, *Strandapósturinn*, 32. árg.  
Ljósmyndir: Björn Pálsson, Ísafirði o.fl.



# Við sundið

Sigvaldi Kaldalóns leit á náttúruna sem óþrjótandi uppsprettu sem vakti tjáningarþörf hans og sagði hann eitt sinn að tónlistaráhugi sinn hafi kviknað í æsku þegar hann heyrði hljóma í náttúrunni allt í kringum sig.

Mörg þekktustu sönglög hans urðu til á læknisferðum hans um Djúpið.

Við sundið við ljóð eftir Sigurð Sigurðarson mun hafa orðið þannig til að hann kemur um hásumar sjóleiðis heim úr læknisferð.

Á báðar hendur gnæfa fjöllin og speglast í haffletinum:

*Ég sit í kvöld og sat í gær*

*við sundið fram á nætur.*

*Ég hlýði er bylgjan blá og tær*


*að bökkum fallast lætur...*

En ferðir læknisins voru ekki allar svo ljúfar. Eitt sinn var hann sóttur á bát í Mjóafjörð og var á heimleið á móts við Skálavík þegar bátur kemur frá Snæfjallaströnd og biðja bátsverjar lækninn að koma tafarlaust til sjúklings þar. Maður hafði verið sendur frá Gullhúsám að Mýri til að fá bátsflutning þaðan. Fór Sigvaldi um borð í bát þeirra, en þá skipuðust veður í lofti og urðu þeir sjóblautir að leita vars í Borgarey. Þar voru sauðahús opin og urðu þeir að hafast þar við matarlausir í tvo sólarhringa í ofsaveðri. Tókst þeim að ylja sér með því að kveikja í moði og sprekum með eldspýtum úr fórum læknisins, sem þó voru blautar eftir volkið. Þeir fóru að Ármúla á þriðja degi og þaðan beint út á strönd með lyf sem læknisfrúin hafði útbúið að tilvísan Sigvalda. Höfð var viðkoma á Mýri, Sandeyri og Gullhúsám og að lokum í Æðey. Þetta mun hafa verið einhver erfiðasta læknisferð Sigvalda, en þó voru þær margar erfiðar og jafnvel hættulegar og reyndu á starfsþrek hans.

Heimildir: Íslands lag: þættir sex tónmenntafrömuða eftir Hallgrím Helgason, tónskáld og frásögn Snæbjarnar Kaldalóns í Bókinni um Sigvalda Kaldalóns eftir Gunnar M. Magnúss.


Við sundið.  
(Sigurður Sigurðarson).

Allegretto moderato.



1. Eg sit í kvöld og sat í gær við  
sundið fram á nætur. Eg hlýði er bylgjan  
blá og tær að bökkum fallast lætur...

2. Og  
hlýði er bylgjan blá og tær að bökkum fallast lætur...



# „...í örmum viltra stranda“

Sigvaldi Kaldalóns dáði mjög konu sína, Karen Margrethe Mengel-Thomsen, sem hann kynntist á námsárum sínum í Danmörku. Hún var lærð hjúkrunarkona og var stoð og stytta manns síns í læknisstörfunum. Á Ármúla framkvæmdi Sigvaldi skurðaðgerðir með aðstoð konu sinnar. Hún sá auk þess af myndarskap um stórt heimili og var í reynd frumkvöðull í grænmetisrækt við Djúp. Hún var góð móðir barna þeirra og dáði sönglög eiginmanns síns og það var fyrst og fremst henni að þakka að hljóðfærið var ekki selt af heimilinu, jafnvel þó allur kostur væri uppurinn. Sigvaldi vildi heiðra konu sína með því að tileinka henni sönglag. Það varð úr að hann bað Guðmund Geirdal, bróður Höllu á Laugabóli að yrkja um konu sína:

*Þú eina hjartans yndið mitt  
í örmum viltra stranda,  
þar aðeins bjarta brosið þitt  
mig ber til draumalanda.  
Í þinni finn ég frjálsri brá  
svo fagar innri kenndir,  
er seiða til sín traust og þrá  
í trú, sem herra bendir.*



**Þú eina hjartans yndið mitt.**  
(Guðm. Geirdal).

*Allegretto.*



Þú - ein - a - hjart - - - ans

ynd - ið - mitt i örm - um vil - tra - stranda

þar - aðeins bjarta brosið þitt mig ber til draum - landa

# Hver á sér fegra föðurland en ég

Faðir Sigvalda, Stefán Egilsson, gerðist bústjóri hjá honum og byggði við læknishúsið auk þess að steypa það upp. Hann hafði áður starfað sem múrari um áratugaskeið og var einn stofnenda fyrsta stéttarfélags múrara á landinu. Stefán vann m.a. að Alþingishúsinu og fyrsta húsi Landsbankans sem Bankastræti heitir eftir. Móðir Sigvalda, Sesselja Sigvaldadóttir, var ljósmóðir og trúhneigð mjög. Hún kom nokkrum sinnum að Ármúla og hélt þar eitt sinn hjálpræðisherssamkomu á hlaðinu.

Sigurður á Laugabóli og aðrir sveitungar voru boðnir og búnir að styðja við tónlistarsköpun læknisins. Sigvaldi hafði samið öll sín lög á Mason & Hamlin harmonium, en sveitungarnir ákváðu að gefa honum flygil. Efnt var til samskota og voru kaupin fjármögnuð af Magnúsi Kristjánssyni í Múla, Jóni H. Fjalldal á Melgraseyri, Halldóru og Ragnhildi Jakobsdætrum í Ögri og Æðeyjarsystkinum, Ásgeiri, Halldóri og Sigríði Guðmundarbörnum. Þegar flygillinn kom veturinn 1919 reyndist hann of stór til að komast inn í húsið. Sigvaldi var ekki heima og hafði verið ákveðið að láta þessa gjöf koma honum að óvörum. Stefán, faðir Sigvalda, rauf gat á vegginn og breikkaði glugga til að koma honum inn. Þegar Sigvaldi kom var honum afhentur flygillinn við hátíðlega athöfn og að sögn Sigurðar mun Sigvaldi hafa klökknað og sagt: „Það má segja um ykkur að litlu verður Vöggur feginn, þegar þið heiðrið mig fyrir svo fátæklega lagasmíð.“ Sigvaldi Kaldalóns tileinkaði Djúpmönnum lag sitt við ljóð Guðmundar Guðmundssonar sem hefst á þessum línur:

*Hver á sér fegra föðurland en ég,  
er fastar tengir hjörtun ræktarböndum,  
og hver á fegra móðurmál en ég,  
sem minjar dýrstu geymdi á Norðurlöndum.*

Heimild: Gunnar M. Magnúss, Bókin um Sigvalda Kaldalóns.  
Ljósmyndir: Árni Thorsteinsson o.fl.

## Tileinkað „Djúpmönnum“

Hver á sér fegra föðurland en ég

*f. metalingi brútt.*

*(Óvæn. Gakkrútt)*

Stig. 1. Kaldalóns

# „...þar er sungið á silfurstrengi“

Í Bókinni um Sigvalda Kaldalóns segir Gunnar M. Magnúss að Sigvaldi hafi haft gaman af að koma í eldhúsið á Ármúla í sláturtíðinni: „Það var hlóðaeldhús og ekki bjart yfir, í rjáfri hengu magálar og kjötlæri, ef til vill kippur af silungi eða rauðmaga frá sumrinu. Hann settist við hlóðasteininn, þegar þær voru að sjóða slátrið, og hlustaði með opnum huga á sögur gamla fólksins, álfasögur og frásagnir af fyrirburðum og einkennilegum náttúrusögum, sem höfðu gerzt hérna skammt frá ekki fyrir löngu... Þegar hann gengur um í tunglskini álfasagnanna, berst til hans klišur frá hlíðum og hömrum og ljúflingsljóð úr runni. Og það blundar í djúpi hugans og bíður eftir ljóðinu. Og einhvern daginn kemur Davíð Stefánsson með ljóðið og tónarnir lyftast til flugs“:

*Hamraborgin rís há og fögur  
og minnir á ástir og álfasögur,  
á hamarinn bláa og bergið háa  
sló bjarma lengi,  
þar er sungið á silfurstrengi.*

*Og meðan djáknar til messu hringja  
opnast bergið og álfar syngja.  
Strengir titra og steinar glitra  
í stjörnusalnum.*

*Friður ríkir í fjalladalnum.  
Úr byggð er sveinn inn í bergið seiddur,  
af álfadætrum í dansinn leiddur.*

*Í hamrinum háa og berginu bláa  
er blundað á rósum.  
Nóttin logar af norðurljósum.*

Ljósmyndir: Árni Thorsteinsson og mynd af Ármúla frá Héraðsskjalasafninu á Ísafirði.





# Það er óskaland íslenzkt

Þegar Sigvaldi var að semja lag við ljóð Stephans G. Þótt þú langförull legðir var staddur hjá honum á Ármúla ungur maður, Ásgeir Guðmundsson frá Æðey. Ásgeir hefur sagt svo frá að Sigvaldi hafi komið upp þegar hann var að háttu, verið með blað í hendi og sagt: „Það er að brjótast í mér lag, komdu niður og syngdu það með mér.“ Ásgeir fór niður og Sigvaldi fór að spila og lék lagið margsinnis. Ásgeir söng með þar til hann kunni lagið og sungu þeir báðir fullum hálsi lengi nætur:

*Það er óskaland íslenzkt,  
sem að yfir þú býr -.*

Sigvaldi tileinkaði lagið Guðmundi, bróður sínum, sem var landskunnur glímukappi er fluttist um tvítugt vestur um haf. Ásgeir lærði síðar heilu ljóðabækurnar eftir Einar Benediktsson utan að, og síðar þegar Sigvaldi var fluttur ásamt fjölskyldu sinni til Grindavíkur kom Ásgeir að heimsækja þau og hitti þar fyrir Einar sjálfan.

Árið 1919 var Guðrún Jónsdóttir í Æðey mjög veik og var Sigvaldi þá hjá henni í Æðey í þrjár vikur og tilkynnti í héraðinu að hann sæti í Æðey. Í þakklætisskyni gáfu börn Guðrúnar honum gullbúinn og útskorinn göngustaf eftir Guðmund frá Mosdal. Handfangið er úr filabeini og á því útskorin harpa. Við handfangið er greypt: *Sigvaldi Kaldalóns. Með virðingu og þökk frá Guðrúnu í Æðey 1919.* Eftir stafnum hlykkjast nóturnar fyrir *Ég lít í anda liðna tíð* og læknastafur ásamt læknajurt. Sigvaldi Kaldalóns tileinkaði Guðrúnu í Æðey *Vorvísur* eftir Höllu:

*Ó, velkomnir fuglar úr fjarlægum geim,  
þið fljúgið með vorið og gleðina heim.*



# Ég lít í anda liðna tíð

Sigurður Þórðarson á Laugabóli varð náinn vinur Sigvalda Kaldalóns. Sigvaldi hafði reynt að fá sönglög sín gefin út eftir að hann kom að Ármúla, en enginn hafði sýnt því áhuga að gefa út sönglög eftir óþekkt tónskáld. Sigurður, sem þá var kaupfélagsstjóri á Arngerðareyri, ákvað þá að kosta útgáfu sönglaganna og komu þau út í þremur heftum á árunum 1916-1918. Í fyrsta heftinu voru sjö sönglög, í því næsta þrjú og loks tíu. Síðasta heftið prýddi káputeikning eftir Ríkarð Jónsson. Það kom á daginn að útgáfan stóð undir sér og Ísafoldarprentsmiðja, sem áður hafði hafnað sönglögnum útgáfu vildi nú fá útgáfurétt að öllu sem frá Kaldalóns kæmi. Sigurður segir svo frá að Sigvaldi hafi eitt sinn komið með lag til móður sinnar, Höllu, skáldkonu, og sagt: „Mig vantar ljóð við þetta lag, Halla mín.“ Þá á hún að hafa sagt: „Hvernig á ég að fara að því, um hvað á það að vera?“ Þá sagði Kaldalóns: „Það gef ég ekki upp að öðru leyti en því, að þetta eru gamlar minningar, - ljúfar minningar eða öllu heldur ljúfsárar minningar...“

Hann settist svo við orgelið á Laugabóli og lék lagið hvað eftir annað.

Halla hlustaði og skrifaði vísu á blað,  
rétti honum og sagði:  
„Geturðu notað þetta?“

*Ég lít í anda liðna tíð,  
er leynt í hjarta geymi.  
Sú ljúfa minning - létt og hljótt  
hún læðist til mín dag og nótt,  
svo aldrei, aldrei gleymi.*

Halla skáldkona á Laugabóli hét fullu nafni Hallfríður Guðrún Eyjólfsdóttir og var fædd 10. ágúst 1866 í Gilsfjarðarmúla, Geiradalshreppi. Bræður hennar tóku sér ættarnafnið Geirdal, en Guðmundur Geirdal var hálfbróðir hennar. Halla giftist árið 1890 Þórði Jónssyni bónda á Laugabóli. *Ljóðmæli* Höllu komu fyrst út árið 1919, kostuð af Sigurði, syni hennar. Þau hefjast á kvæðinu *Inngangi*, tileinkun til Sigvalda Kaldalóns:

*Á Kaldalóns-tónum sér lyfta mín ljóð -  
hans logandi gullvængjasmíði -,...*

Ljósmyndir: Árni Thorsteinsson, Björn Pálsson, Ísafirði og mynd af íbúðarhúsinu Laugabóli frá Héraðsskjalasafninu á Ísafirði.



# Fyrstu tónleikarnir

Árið 1916 var að mörgu leyti tímamótaár hjá Sigvalda. Á því ári tók hann upp Kaldalóns-nafnið. Í ársbyrjun 1916 hélt Sigvaldi Stefánsson samsöng á Ísafirði, en í árslok komu út *Sjö sönglög* eftir Sigvalda S. Kaldalóns. Samsöngurinn var haldinn í Góðtemplarahúsinu sunnudaginn 23. janúar kl. 16:30. Gefin var út dagskrá í stóru broti, prentuð í prentsmiðju M. Ólafssonar á Ísafirði. Þar kemur fram að Sigvaldi naut á tónleikunum aðstoðar prófastsdótturinnar Kristínar Þorvaldsdóttur sem lék á píanó og kaupmannsdótturinnar Guðrúnar Skúladóttur sem söng auk þess sem lyfsalinn Gustav Rasmussen lék á fiðlu. Á myndinni má sjá Rasmussen og fjölskyldu með Kaldalóns-hjónunum, í baksýn er Góðtemplarahúsið. Á dagskránni voru sönglög Sigvalda; *Ljúflingurinn litli*, ljóð Arnrúnar frá Felli; *Ég lít í anda liðna tíð*, ljóð Höllu Eyjólfsdóttur og *Þótt þú langförull legðir*, ljóð eftir Stephan G. Stephansson. Auk þess voru leikin verk eftir Mozart, Mendelsohn, Perolese og Schubert. Ýmsir aðilar á Ísafirði styrktu tónleikana með auglýsingum eins og verslunin Edinborg, Marís M. Gilsfjörð; Helgi Sveinsson; Brauns-verslun; Bókaverslun Guðmundar Bergssonar; verslun Axels Ketilssonar og verslun S. Guðmundssonar. Aðgangur var 1 króna. Þetta voru fyrstu tónleikar Sigvalda Kaldalóns ef undan er skilin söngskemmtun á Ísafirði sumarið 1913 þegar hann lék undir hjá Eggerti bróður sínum.



# Svanurinn minn syngur

Tvíbýli var á Ármúla. Þar var í tíð Sigvalda torfbær með mörgum burstum og kompum sem skirðar voru ýmsum nöfnum. Þar bjuggu lengi Hannes Gíslason og Guðrún Sigurðardóttir, sem keyptu jarðarpart Sigvalda er hann fór frá Ármúla berklasjúkur að leita sér lækninga í Danmörku. Í Uppsölum bjó Jón Arason, járnsmiður er hafði Vídalinspostillu daglega milli handa. Hann hafði smiðju úti á túni og smíðaði skeifur, skafaljárn, ljábakka o.fl. Jón var seinna í Bæjum á Snæfjallaströnd. Í annarri kompu, sem kölluð var Hosiló, bjuggu mæðginin Krístrún Benediktsdóttir og Ingvar Ásgeirsson, bókbindari, síðar á Lyngholti, Snæfjallaströnd. Krístrún var hagamælt og lét oft fjúka í kviðlingum. Sigvaldi sótti mjög til þeirra í Hosiló og lagði oft til hendingar og kviðlinga. Eggert Stefánsson, söngvari, bróðir hans, kom sumrin 1913 og 1916 á Ármúla og fóru þeir bræður oft í heimsókn í Hosiló og skemmtu sér við sögur og kveðskap. Fyrra sumarið héldu þeir bræður tónleika á Ísafirði og hið seinna söngskemmtun á Arngerðareyri. Þusti að fólk úr nálægum sveitum og var talið að um 300 manns hafi verið viðstaddir.



Árið 1919 komu út Ljóðmæli Höllu á Laugabóli. Fyrsta kvæði bókarinnar er *Svanurinn minn syngur*, þekkt við lag Kaldalóns, en á því sama ári söng Eggert Stefánsson lagið inn á hljómplötu:

*Svanurinn minn syngur.  
Sólu ofar hljóma  
ljóðin hans og heilla  
helgar englasveitir.  
Blómin löngu liðin  
líf sitt aftur kalla.  
Fram úr freðnum gljúfrum  
fossar braut sér ryðja.*


Tilfni kvæðisins segir Sigurður á Laugabóli hafa verið að hann var að skjóta fugla. Þá á Halla, móðir hans, að hafa sagt: „Ef þið drepið svan, þá eruð þið morðingjar.“

Eggert Stefánsson söng alls tíu lög bróður síns inn á hljómplötur árið 1919 að beiðni His Master's Voice. Fyrir valinu urðu fyrstu lög Sigvalda, öll samin á Ármúla og eflaust mörg flutt á fyrirnefndum tónleikum. Fyrir utan *Svanurinn minn syngur* voru hljóðrituð lög *Þú eina hjartans yndið mitt*, *Alfaðir ræður*, *Ásareidinn*, *Sofðu, sofðu, góði*, *Þótt þú langföruð legðir*, *Brúna ljós þín bliðu*, *Í birkilaut* og hið alþekkt lag *Á Sprengisandi* við ljóð Gríms Thomsen:

*Ríðum, ríðum og rekum yfir sandinn,  
rennur sól á bak við Arnarfell.  
Hér á reiki er margur óhreinn andinn,  
úr því fer að skyggja á jökulsvell.  
Drottinn leiði drösulinn minn,  
drjúgur verður síðasti áfanginn.  
Drottinn leiði drösulinn minn,  
drjúgur verður síðasti áfanginn.*



# Aðdrættir yfir jökul



Sumarið 1934 gisti hópur ísfirskra skáta í vikutíma í Kaldalóni. Hjalmar R. Bárðarson var þá með í för ungur maður og tók merkilegar myndir í ferðalaginu. Skátarnir komu gestabók fyrir í randvörðu Hrolleifsborgar sem þar er enn í málmhylki.

## Drangajökull

Leið hestalesta í rekaviðarferðum

Allt fram í fyrri heimsstyrjöld var rekaviður til bygginga sóttur á hestum frá Kaldalóni norður á Strandir. Venjulega var farið um Jónsmessu eða Maríumessu á vori, yfir sunnanverðan Drangajökul til Dranga. Var farið upp úr Kaldalóni í grennd við Keggsi og fram Jökulholt, en lagt á jökul vestan og ofan skriðjökuls, sem fellur í Lónbotn fram með Votubjörgum. Er á jökulinn kom var beygt til austurs og stefnt á Hrolleifsborg eða Hljóðabungu, eftir því hvort ferðinni var heitið til Reykjarfjarðar eða Dranga, en mikill reki var keyptur á báðum stöðum. Drangafarar héldu ofan með Tröllkonugili ofan í Bjarnarfjörð. Nyrsta leiðin yfir jökul var gengin frá Snæfjallaströnd, uppúr Unaðsdal. Önnur leið var úr Skjaldfannardal þvert yfir jökulinn út Meyjardal og að Dröngum. Hafa rekaviðarbutar fundist þar sem lagt er á jökulinn. Varla sást spýta á sumum bæjum við Djúp nema úr rekaviði, hvorki í bæjarhúsum né peningshúsum. Rekaviður þótti miklu endingarbetri en viður úr búð. Það var því ekki til einskis barist að klífa jökulinn.

Heimildir:  
Hjalmar R. Bárðarson, *Vestfirðir*.  
Einar Guðmundsson, „Viðarferðir frá Djúpi“. *Djóðsögur og þættir II*.  
Aðalsteinn Jóhannsson, Skjaldfönn, „Viðarferðir“, *Ársrit Sögufélags Ísfríðinga* 1986.  
Landmælingar Íslands, sérkort Hornstrandir.